

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Smára Jónssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. ágúst 2021
UST202108-080/A.Þ.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matskyldufyrirspurn – eldisstöð að Hallkelshólum í Grímsnesi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 10. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

FB21 ehf., sem er í eigu Arnarlax, (hér eftir nefnt rekstraraðili) hyggst hefja framleiðslu á laxaseiðum í eldisstöðinni að Hallkelshólum í Grímsnesi en hingað til hafa aðeins verið framleidd bleikjuseiði í stöðinni. Áætlað er að hluti seiðanna verði síðan fluttur til frekara eldis í landeldisstöð í Þorlákshöfn og annar hluti þeirra fari beint út í sjókvíar fyrirtækisins á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að lífmassi í stöðinni verði að hámarki 100 tonn á hverjum tíma en árleg framleiðsla verði 135 tonn. Bætt verður við tromlusíu fyrir frárennslisvatn en að öðru leyti er ekki fyrirhuguð breyting á vatnstöku (sem er um 200 l/s) eða fráveitu.

Umhverfisstofnun bendir á að núverandi starfsemi að Hallkelshólum hefur starfsleyfi, gefið út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands árið 2009. Starfsleyfi fyrir fiskeldi gefin út af heilbrigðisnefndum geta að hámarki verið fyrir 20 tonna eldi með fráveitu í ferskvatn, sbr. þágildandi reglugerð. Síðastliðin ár hefur framleiðsla fyrirtækisins hins vegar verið á bilinu 60-100 tonn sem skráð hefur verið sem frávik í eftirliti Umhverfisstofnunar árin 2018, 2019 og 2020. Stofnunin bendir á að hér er um talsverða aukningu á umfangi að ræða í samanburði við núgildandi starfsleyfi, sem er fyrir 20 tonna eldi.

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir starfsemi og hefur eftirlit með henni m.t.t. áhrifa hennar á umhverfið. Stofnuninni barst 18. ágúst sl. umsókn um framlengingu starfsleyfisins sem rennur út í október á þessu ári en stofnuninni er heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist stofnuninni skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Málshraðaviðmið stofnunarinnar vegna útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar frá móttöku fullnægjandi umsóknar.

Mat á umhverfisáhrifum

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að rekstraraðili telur að þeir umhverfisþættir sem helst verði fyrir áhrifum vegna eldisins eru vatnafar vegna vatnstöku á grunnvatni og losunar frárennslis í viðtaka.

Umhverfisstofnun minnir á að starfsleyfi er gefið út fyrir hámarkslífmassa í stöðinni á hverjum tíma en losunin er metin út frá ársframleiðslu. Í starfsleyfi verður gerð krafa um fullnægjandi hreinsun frárennslis. Ef eftirlit með starfsemi bendir til þess að hreinsun frárennslis sé ábótavant getur stofnunin farið fram á að breytingar séu gerðar á henni sem og fyrirkomulagi umhverfisvöktunar.

Úrgangur

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að áætluð losun kolefnis, niturs og fosfórs í umhverfið á ári séu 17 tonn. Úrgangsefni á föstu formi hafa verið fjarlægð reglulega úr settjörn og nýtt sem jarðvegsbætir. Áætlað er að kanna hvort úrgangsefni verði nýtt í áburð eða fari í urðun. Að auki kemur fram að dauðfiskur hafi verið fjarlægður daglega og sendur til förgunar.

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*.¹ Bann við urðun lífbrjótanlegs úrgangs er aðgerð nr. 16 í stefnunni. Stofnunin bendir á að í *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum*² eru einnig settar fram aðgerðir um bann við urðun lífræns og lífbrjótanlegs úrgangs.

Mikilvægt er því að finna leiðir til endurnýtingar fastefna fremur en förgunar. Stofnunin hefur gefið út leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna (seyru) úr frárennslis, m.a. til áburðar.³

Fuglar

Umhverfisstofnun bendir á, líkt og fram kemur í tilkynningarskýrslu, að framkvæmdasvæðið er innan svæðis sem hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og er kallað Suðurlandsundirlendi. Í námunda við framkvæmdasvæðið er votlendi og þar er að finna vistgerðir með hátt verndargildi, líkt og runnamýravist á láglendi og starungsmýravist. Þessar vistgerðir einkennast af ríku fuglalífi og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll, spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan, stelkur, kjói, heiðlóa og grágæs nýti vistgerðirnar til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að rekstraraðili fyrirbyggi að fuglar komist í æti eða úrgang frá eldinu og að aðgerðir skuli vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lög nr. 55/2013 um velferð dýra. Þó telur stofnunin ekki líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð neikvæð áhrif á fuglalíf svæðisins.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð breyting á starfsemi FB21 ehf. sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

¹ <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Stefna%20um%20me%20h%C3%B0h%C3%B6ndun%20%C3%BAArgangs%202021-2032%20090621.pdf>

² <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>

³ www.umhverfisstofnun.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Leiðbeiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismehondlun_2020.pdf